



Reykjavík, 28. ágúst 2019  
BSS19080003

Skipulags- og samgönguráð

### ***Tillaga um lengdan gjaldskyldutíma og tillaga um gjaldskyldu á sunnudögum***

Lagt er til að gjaldskyldutími á gjaldsvæði 1 á virkum dögum og á laugardögum verði lengdur sem hér segir:

Almenn gjaldskylda á bílastæðum á gjaldsvæði 1, að undanskildu Borgartúni, verði frá 09:00 til 20:00 virka daga og frá 10:00 til 20:00 á laugardögum.

Einnig er lagt til gjaldskylda verði sett á gjaldsvæði 1 á sunnudögum þannig að:

Almenn gjaldskylda á bílastæðum á gjaldsvæði 1, að undanskildu Borgartúni verði frá 10:00 til 16:00 á sunnudögum.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. júlí 2019 voru tillögur stýrihóps um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum samþykktar og þeim vísað til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagssviði, samgöngustjóra og Bílastæðasjóðs. Í dag er gjaldskylda á gjaldsvæði 1 til klukkan 18:00 á virkum dögum og til kl. 16:00 á laugardögum. Þá hefur ekki verið gjaldskylda á sunnudögum.

Með kveðju

Kolbrún Jónatansdóttir  
framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs